

þykk-ur *lo – gulur*
[-, -t; -ri, -stur]

– hún er með þykkt og fallett hár

‡ þykkur « þunnur

flýt-a *so vb-i – heyra*
[-ti]

– við verðum að flýta okkur í
strætó!

‡ • fljóta, fljótur, fljótlega, fljótt

stól-l *kk – hestur S*
[-s, -ar]

– það eru fimm stólar við borðið

‡

vakn-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– hann á erfitt með að vakna á
morgnana

‡ • vekja

afmæli *hk – hús*
[-s, -]

– ég á afmæli 21. mars

‡ • mæla (-di), mælir

reið-ur *lo – gulur*
[-, reitt; -ari, -astur]

– hún var svo reið að hún sló í
borðið

‡ reiðr • reiði

ey-ða *so vb-i – heyra*
[-ddi]

– ekki eyða öllum peningunum!

‡ » eyðileggja

lag-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– það þarf að laga bílinn
– hver ætlar að laga kaffi?

‡ • lag

sokk-ur *kk – hestur*
[-s, -ar]

– það er gat á sokknum

‡ sokkr

frí *hk – hús J*
[-s, -]

– ég á frí alla vikuna

‡

þunn-ur *lo – gulur*
[-, -t; þynnri, þynnstur]

– kaffið er þunnt

‡ þunnr « þykkur

kjól-l *kk – hestur S*
[-s, -ar]

– mig langar í gulan kjól

vinsæl-l *lo – gulur S*
[-, -t; -li, -lastur]

– hvaða lag var vinsælast í fyrra?

‡ • vinur, sæll, vinátta, vinkona

miðnætti *hk et – hús*
[-s]

– ég kem ekki heim fyrr en um
miðnætti

‡ • miður, miðja, nótt

skáp-ur *kk – hestur*
[-s, -ar]

– hengdu fötin inn í skápinn!

‡

dans *kk – hestur O*
[-, -ar]

– hann hefur gaman af dansi

‡ danz • dansa